

HV 2018-35
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR
MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Lax- og silungsveiði 2017

Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson

REYKJAVÍK JÚNÍ 2018



Upplýsingablað

Titill: Lax- og silungsveiði 2017		
Höfundur: Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson		
Skýrsla nr: HV 2018-35	Verkefnisstjóri: GP	Verknúmer: 9080-03
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 36	Útgáfudagur: 29. júní 2018
Unnið fyrir: Hafrannsóknastofnun	Dreifing: Opin	Yfirfarið af: Sigurður Óskar Helgason
<p>Ágrip</p> <p>Sumarið 2017 var heildarstangveiði samkvæmt skráningu á laxi í ám á Íslandi alls 46.656 laxar. Af þeim var 19.667 (42,2%) sleppt aftur og var heildarfjöldi landaðra stangveiði veiddra laxa (afli) því 26.989 laxar (1. tafla). Af veiddum löxum voru 35.929 laxar með eins árs sjávardvöl (smálaxar) (76,9%) og 10.748 (23,1%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afla) í stangveiði 69.515 kg. Afli í stangveiðinni skiptist þannig að 24.110 (89,3%) voru smálaxar, alls 55.349 kg og 2.879 (10,7%) stórlaxar, 14.166 kg. Af þeim löxum sem sleppt var aftur voru 11.819 (60%) smálaxar og 7.869 (40%) stórlax.</p> <p>Heildarafli landaðra laxa í stangveiði og netaveiði samanlagt var 33.023 laxar sem vógu alls 86.401 kg. Af þeim voru 28.927 smálaxar og 4.096 stórlaxar. Þyngd smálaxa var 65.582 kg og þyngd stórlaxa 20.819 kg. Alls voru skráðir 37.135 urriðar í stangveiði en af þeim var 12.197 (32,8%) sleppt aftur. Afli urriða var 24.936 (67,1%) fiskar og vógu þeir samtals 33.438 kg. Alls voru skráðar 27.766 bleikjur og af þeim voru 3.060 (11,0%) bleikjum sleppt aftur. Fjöldi í afla var því 25.187 bleikjur og heildarþyngd aflans var 17.780 kg.</p> <p>Samantekt veiðinnar byggist á þeirri veiði sem skráð er í veiðibækur. Veiðifélög/veiðiréttarhafa bera ábyrgð á skráningu veiði skv. lögum. Hafrannsóknastofnun annast samantekt veiðitalna og skráningu í rafrænan gagnagrunn í umboði Fiskistofu, Fyrir veiðitíma ár hvert eru sendir Hafrannsóknastofnun úr veiðibækur til skráningar veiði. Að veiðitíma loknum ber að senda veiðibækur til skráningar og mikilvægt er að þeim sem skilað fljótt til úrvinnslu og að veiðibækur séu skilmerkilega merktar. Ef breytingar verða á ábyrgð með veiðiskráningu þarf að koma þeim á framfæri.</p> <p>Bent er á möguleika til rafrænnar skráningar en upplýsingar um þann möguleika er að finna á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar www.hafogvatn.is. Þar eru aðgengilegar veiðibækur þeirra sem skrá rafrænt auk yfirlits yfir veiðina.</p>		
Lykilorð: Veiðiskráning, lax, urriði, bleikja, stangveiði, netaveiði.		
Undirskrift verkefnisstjóra:	Undirskrift forstöðumanns sviðs:	
		

Efnisyfirlit	Bls.
Töfluskra	ii
Myndaskra	ii
Inngangur	1
Aðferðir	4
Niðurstöður	6
Lax stangveiði	6
Urriði og bleikja stangveiði	6
Samsetning laxveiðinnar	7
Netaveiði lax- og silungur	8
Hnúðlax og regnbogasilungur	9
Umræður	10
Þakkarorð	12
Heimildir	12
Töflur	13
Myndir	31

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi 2017, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.	13
Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði og hafbeit á Íslandi sumarið 2017, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.....	13
Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði og netaveiði á Íslandi 2017, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.....	13
Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða og bleikju í stangveiði 2017, skipt eftir landshlutum.....	14
Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2017, skipt í afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddra í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.....	15
Tafla 6. Röð 10 laxveiðiáa sumarið 2017 skipt eftir veiði og afla (afli er fjöldi landaðra laxa)	16
Tafla 7. Tíu hæstu urriðaveiðisvæðin 2017.....	16
Tafla 8. Tíu hæstu bleikjuveiðisvæðin 2017.....	16
Tafla 9. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Reykjanesi árið 2017.....	17
Tafla 10. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vesturlandi árið 2017	19
Tafla 11. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Vestfjörðum árið 2017.....	20
Tafla 12. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi vestra árið 2017	21
Tafla 13. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Norðurlandi eystra 2017.....	22
Tafla 14. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Austurlandi árið 2017	23
Tafla 15. Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa og silunga á Suðurlandi árið 2017	24
Tafla 16. Fjöldi veiddra laxa flestra veiðiáa á Íslandi á árunum 1974-2017 ásamt reiknaðri meðalveiði	26
Tafla 17. Fjöldi veiddra urriða valinna áa á árunum 1987-2017. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	28
Tafla 18. Fjöldi veiddra bleikju valinna áa á árunum 1987-2017. Ekki er greint á milli staðbundinna og sjógenginna fiska	29
Tafla 19. Skráð netaveiði á Íslandi árið 2017. Gefin er fjöldi og þyngd (þyngd er í kg).....	30

Myndaskrá

1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2017 skipt í afla, veitt og sleppt úr sleppingum gönguseiða.....	31
2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974-2017	31
3. mynd. Afla (landað) náttúrlegra laxa úr stangveiði og netaveiði á árunum 1974-2017	32
4. mynd. Fjöldi stangveiddra urriða á Íslandi á árunum 1974-2017, fjölda fiska í afla og fjöldi sleppt.....	33
5. mynd. Fjöldi veiddra bleikju á Íslandi á árunum 1974-2017, fjöldi fiska í afla og fjöldi sleppt.....	33
6. mynd. Fjöldi veiddra smálaxa (eitt ár í sjó) og stórlaxa (tvö ár í sjó), fært til gönguseiðaárgangs í þeim ám þar sem veiðiskráning hefur verið samfelld frá árinu 1970 til 2017	34
7. mynd. Hlutfall laxa slepptra laxa úr stangveiði 1996-2017 bæði í heild og laxa í ám sem hafa megnið af veiði úr villtum laxastofnum.....	34

8. mynd. Hlutfall laxa sleppt úr stangveiði skipt í smálax (eitt ár í sjó) og stórlax (tvö ár í sjó) bæði fyrir veiði í öllum ám og svo fyrir náttúrulega laxa sér.....	35
9. mynd. Hlutfall urriða og bleikju sem sleppt var úr stangveiði á árunum 1999-2017	35
10. mynd. Fjöldi veiddra hnúðlaxar og regnbogasilungar í stangveiði 2017.	36

Inngangur

Hafrannsóknastofnun hefur umsjón með skráningu og samantekt veiðiskýrslna samkvæmt samstarfssamningi við Fiskistofu. Í 13. grein laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 segir að gera skuli veiðiskýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða. Skylda til skýrslugjafar hvílir á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar og eiga handhafar veiðiréttar sömuleiðis að skila inn veiðiskýrslum á hverju ári.

Mikilvægt er að veiðibókum sé skilað strax eftir að veiðitímabili líkur, því öll úrvinnsla gagna veltur á að gögn skili sér tímalega. Gögn úr veiðibókum eru m.a. notuð þegar skoðað er verðmæti veiða, skipting arðs og við mat á stöðu fiskstofna. Veiðiskráning er ein af forsendum þess að hægt sé að fylgjast með breytingum á veiði til að viðhalda þeirri auðlind sem lax- og silungsveiði er. Það koma miklar tekjur til samfélagsins í gegnum lax- og silungsveiði og mikilvægt er að vel sé gengið um þessa fiski auðlind og hún nýtt á sjálfbæran hátt.

Í byrjun veiðitímabils hvers árs eru veiðibækur sendar út til veiðiréttahafa sem endursenda þær útfylltar í lok veiðitímabils til Hafrannsóknastofnunar. Flestir veiðiréttahafar skila veiðibókum strax að veiðitíma loknum en of oft er bókum skilað seint eða jafnvel ekki skilað, slíkt tefur fyrir skráningu gagna og úrvinnslu þeirra. Verðmæti gagnana er mikið og því mikilvægt að bækur skili sér og svo að skráning sé samfelld milli ára.

Veiðifélög og veiðiréttahafar hafa undanfarin ár haft möguleika á rafrænni skráningu veiðitalna og er þeim sem annast veiðiskráningu bent á möguleika til rafrænnar skráningar. Upplýsingar um rafræna skráningu er að finna á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar; www.hafogvatn.is. Stefnt er að því að veiði verði skráð sem mest með rafrænum hætti af handhöfum veiðiréttar eru þeir hvattir til að skrá veiði rafrænt í gagnagrunninn sem ber heitið Skrínan og er vistuð hjá Hafrannsóknastofnun. Unnið er að því að bæta framsetningu niðurstaðna og miðlun á upplýsingum á heimasíðu Hafrannsóknastofnunar.

Markmið laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

Hafrannsóknastofnun safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu. Veiðifélög eða handhafar veiðiréttar þar sem ekki er veiðifélag, eiga að sjá til þess að upplýsingar séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Hafrannsóknastofnunar.

Í gr. 17. er fjallað um veiðitíma á laxi. Þar segir að laxveiðar séu heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í 105 daga innan þess tímabils. Heimilt er að fenginni umsögn að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða.

18. gr. fjallar um veiðitíma göngusilungs. Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Fiskistofa getur að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

19. gr. fjallar um veiðitíma vatnasilungs. Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum.

24. gr. fjallar um svæðisbundna friðun lax og göngu- og vatnasilungs. Ef nauðsynlegt er að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um ákveðin tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu sem eru til þess fallnar að verndar fiskstofna vatnsins og getur Fiskistofa sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn Hafrannsóknastofnunar. Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Frá árinu 1997 hefur öll nýting laxins verið í fersku vatni. Í flestum tilfellum er nýtingin byggð á einum stofni, en stjórnun veiða þar sem veitt er úr mörgum stofnum samtímis, getur verið erfiðleikum bundin. Litlir stofnar geta verið undir háu veiðiálagi í veiðum úr blönduðum stofnum þótt slíkt komi ekki fram þegar litið er til veiðinnar í heild. Það fyrirkomulag að einungis sé veitt í fersku vatni og yfirleitt úr einum stofni auðveldar yfirsýn yfir nýtingu og veiðistjórnun (Guðni Guðbergsson 2015).

Frá árinu 1991 hafa flestar netalagnir á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði verið leigðar af veiðiréttarhöfum í hliðarám Hvítár. Með þessu fyrirkomulagi hefur netaleiga minnkað sókn og veiði á vatnasvæðinu. Sú aukning sem fram hefur komið í hliðarám Hvítár hefur verið metin 28-35% sem var að meðaltali 1.773 – 2.175 laxar á árunum 1991-2000 (Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson 2001, 2003). Þegar horft er til veiði á vatnasvæði Hvítár síðustu árin sést að hún hefur aukist frá tímanum fyrir netaveiði og jafnframt meira en sú aukning sem komið hefur fram í ám Vesturlandi utan Borgarfjarðar.

Búsvæði og frjósemi hvers vatnsfalls skapa skilyrði fyrir framleiðslu seiða þarf að meðaltali ákveðna stærð hrygningarstofns. Það sem er umfram það sem þarf til viðhalds stofnanna, er það sem er til skiptanna fyrir veiðimenn. Ef veitt er umfram það sem þarf til viðhalds eru líkur til að veiðarnar hafi áhrif til minnkandi stofnstærðar. Það eru dæmi um að erfiðlega hefur gengið að byggja upp stofna sem hafa farið langt niður fyrir þau mörk hrygningar sem þarf til að nýta þau búsvæði sem nýst geta til uppeldis í ánum (Guðni Guðbergsson 2016).

Veiði sem byggist að miklum hluta á hafbeit með sleppingum gönguseiða er umtalsverð í nokkrum ám á Suðurlandi sem og í Norðlingaflijtót á Vesturlandi. Í þeim byggist veiðin að langmestu leyti á veiðum á laxi úr sleppingum gönguseiða sem sleppt er í ákveðnar tjarnir

þaðan sem þau ganga til beitar í sjó. Þar koma eldisstöðvar í stað uppeldis seiða í ánum. Með þessu eykst framboð af möguleikum til stangveiði.

Allt frá því um 1960 hafa hnúðlaxar veiðst í ám hér á landi en þó ekki árvisst. Hnúðlaxinn er af ætt Kyrrahafslaxa og var fluttur til Kolaskaga í Rússlandi til hafbeitar. Hnúðlax hefur smámsaman verið að breiðast út í ám á Kolaskaga og hrygnir nú einnig í ám í norður hluta Noregs. Mest af þeim hnúðlöxum sem vitað er um hér á landi hafa verið hængar sem eru auðþekkjanlegir á einkennandi hnúð sem þeir hafa á baki. Hrygnurnar hafa ekki þennan hnúð og hafa veiðimenn oft misgreint hrygnur hnúðlaxa fyrir sjóbleikju. Benda má á að hnúðlaxahrygnur hafa doppel á bakugga sem sjóbleikja hefur ekki og á því má m.a. aðgreina þessar tegundir. Sumarið 2017 bar óvenjumikið á hnúðlöxum í ám hér á landi líkt og í nágrannalöndum. Ekki er vitað hvort hnúðlax komi til með að ná fótfestu í ám hér á landi né hvaða áhrif hann kann að hafa. Vitað er að hnúðlaxar hrygnu í tveimur ám svo vitað sé, önnur í Soginu og önnur á Vestfjörðum síðasta sumar. Mikilvægt er að gefa þessu gaum og veiðimenn eru hvattir til að skrá veidda hnúðlaxa og/eða koma upplýsingum á framfæri við Hafrannsóknastofnun.

Aðferðir

Skráning á lax- og silungsveiði er í veiðibækur sem Hafrannsóknastofnun sendir út og skrá veiðimenn upplýsingar um fiskana í bókina. Í lok veiðitímabils á að skila veiðibókunum til Hafrannsóknastofnunar og eru þá upplýsingarnar sem skráðar eru í bækurnar færðar í rafrænt skráningarkerfi veiðibóka sem ber heitið Skrínan. Úr veiðibókunum eru m.a. skráð í gagnagrunn upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, hvort fiski sé sleppt eða landað, tegund agns auk veiðistaðanúmers ef það er skráð í bókina. Í athugasemdir er skráð t.d. merkingar á fiskum og númer merkja. Veiði að frádregnum fjölda fiska sem sleppt er aftur er skráður sem afli þ.e. fjöldi landaðra fiska úr viðkomandi veiðivatni. Veiðibækur eru endursendar til veiðifélaga eða handhafa veiðiréttar eftir að upplýsingar úr þeim hafa verið skráðar í gagnagrunn. Þá er einnig send með samantektarskýrsla fyrir viðkomandi veiðiá/vatn ásamt veiðibók til skráningar fyrirkomandi veiðitímabili. Að lokinni gagnaskráningu er unnið með gögnin áfram og er afraksturinn meðal annars skýrsla um lax- og silungsveiði sem kemur út í byrjun sumars hvers árs.

Tekinn er saman heildarfjöldi veiddra laxa, afli, fjöldi slepptra fiska, ásamt þyngd aflans. Þá er tekin saman meðalþyngd veiddra fiska. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa en smálax er sá lax sem dvalið hefur eitt ár í sjó en stórlax tvö ár í sjó eða lengur. Skiptingin milli smálax og stórlax er gerð þannig að hængar 4 kg og þyngri eru taldir vera tveggja ára úr sjó, en hrygnur 3,5 kg og þyngri. Skipting í smálax og stórlax getur verið breytileg milli ára og vatnakerfa, en þessi skipting á við í langflestum veiðiám en slíkt er hægt að staðfesta með aldursgreiningu. Þeir laxar sem eru lengdarmældir en ekki þyngdamældir er gefin reiknuð þyngd úr frá þekktu sambandi lengdar og þyngdar ($\text{þyngd} = 0,00002159 * \text{lengd}^{2,83307}$). Þyngd veiddra fiska á að skrá í kg með 100 g nákvæmni og eru veiðiréttarhafar hvattir til að koma fyrir góðum vogum og tækjum til lengdarmælinga fiska í veiðihúsum (Guðni Guðbergsson 2016).

Ekki bárust veiðibækur úr Eystri Rangá fyrir árið 2017. Þar sem um umtalsverða veiði er að ræða var stuðst við heildartölur frá heimasíðu Landsambands veiðifélaga; angling.is. Skipting veiðinnar eftir sjávaraldri var gerð í sömu hlutföll og var árið 2016 og eins var gert með meðalþyngd.

Hér í þessari skýrslu eru upplýsingar úr öllum veiðibókum, er bárust Hafrannsóknarstofnun fyrir lax- og silungsveiði 2017, teknar saman eftir landshlutum og er tölfræði yfir laxveiði flestra áa gerð skil. Teknar eru saman tölur um laxa í stangveiði eftir landshlutum og sjávaraldri ásamt tölum um netaveiði. Gerðar eru töflur þar sem 10 aflahæstu laxveiði ánum er raðað upp eftir fjölda laxa, á sambærilegan hátt er þetta gert með urriða og bleikju. Jafnframt eru birtar töflur fyrir hvert landssvæði þar sem tölfræði um lax- og silungsveiði hvers svæðis er lýst (sjá töflur 9 – 15).

Í samantektum yfir veiði á laxi (16. tafla) hefur á undanförunum árum verið sýnd veiði valinna áa frá árinu 1974 - 2017 og meðalveiði tímabilsins ásamt mestu og minnstu veiði. Á sambærilegan hátt er tafla fyrir árin 1987 - 2017 fyrir urriða (17. tafla) og bleikju (18. tafla)

tekin saman en þessar töflur sýna ekki heildarveiðina á landinu öllu heldur aðeins veiði valinna áa. Við skráningu á silungsveiði er ekki gerður greinarmunur á sjógengnum og staðbundnum fiskum. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta og mesta veiði á tímabilinu eins og gert er með laxveiðina. Tekið er fram í töflunum ef veiðiskýrslum hefur ekki verið skilað eða um sérstakar aðstæður fyrir því að veiði er ekki skráð. Fjöldi skráðra hnúðlaxa var tekin saman fyrir hvert landsvæði fyrir sig.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiði nema að þar vantar oftast upplýsingar um hvern fisk sem einstakling en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Einstaklingsskráning fiska úr netaveiði hefur farið vaxandi á síðustu árum en slíkt gefur mikilsverðar upplýsingar um samsetningu afla. Upplýsingar úr gögnum sem hafa borist úr netaveiði er tekin saman þ.e. heildarfjöldi og heildþyngd laxa og silunga í öllum landshlutum (19. tafla).

Í nokkrum ám eru teknir laxar í klak, það eru fiskar sem veiddir eru til söfnunar hrogna og svilja til fiskræktar og er það í nokkrum tilfellum skráð, en ábótavant er á skráningu þar. Ef klaklaxar eru veiddir innan veiðitíma eru þeir teknir með í samantekt yfir stangveiðina. Þeir klaklaxar sem eru veiddir eftir veiðitíma eru skráðir sér í gagnagrunninn og ekki teknir með í heildafjölda veiddra fiska. Ekki liggja í öllum tilfellum fyrir nákvæmar upplýsingar um veiðitíma og veiðiaðferðir við öflun klaklaxa og eru veiðiréttarhafar hvattir til að merkja slíkt skilmerkilega í veiðibækur.

Niðurstöður

Lax stangveiði

Sumarið 2017 var stangveiði samkvæmt skráningu á laxi í ám á Íslandi alls 46.656 laxar. Af þeim var 19.667 (42,2%) sleppt aftur og var heildarfjöldi landaðra stangveiddra laxa (afli) því 26.989 laxar (1. tafla). Af veiddum löxum voru 35.929 laxar með eins árs sjávardvöl (smálaxar) (76,9%) og 10.748 (23,1%) laxar með tveggja ára sjávardvöl eða lengri (stórlaxar). Alls var þyngd landaðra laxa (afla) í stangveiði 69.515 kg. Afli í stangveiðinni skiptist þannig að 24.110 (89,3%) voru smálaxar, alls 55.349 kg og 2.879 (10,7%) stórlaxar, 14.166 kg. Af þeim löxum sem sleppt var aftur voru 11.819 (60%) smálaxar og 7.869 (40%) stórlax.

Í stangveiði á laxi var mesta veiðin á Vesturlandi en þar veiddust 15.466 laxar (1. tafla). Af þeim var 5.841 sleppt og afli 9.625 laxar sem vógu 23.241 kg. Á Suðurlandi veiddust alls 13.629 laxar en af þeim var 2.467 sleppt aftur og afli því 11.162 laxar sem vógu 28.643 kg. Á Norðurlandi vestra veiddust 9.568 laxar sleppt var 6.796 og afli var 2.772 laxar sem vógu 8.681 kg. Á Norðurlandi eystra veiddust 2.833 laxar og var sleppt 1.949 löxum og var fjöldi fiska í afla 884 laxar sem vógu 2.570 kg. Á Austurlandi var veiðin 2.152 laxar og sleppt var 1.611 og var fjöldi í afla 541 fiskar sem vógu 1.363 kg. Á Reykjanesi var veiðin 2.119 laxar sleppt var 843 fjöldi fiska í afla var 1.276 og vógu 3.047 kg. Á Vestfjörðum veiddust 889 laxar og var sleppt 160 fiskum fjöldi í afla var 729 og þyngd afla var 1.970 kg.

Heildarafli landaðra laxa í stangveiði og netaveiði samanlagt var 33.023 laxar sem vógu alls 86.401 kg. Af þeim voru 28.927 smálaxar og 4.096 stórlaxar. Þyngd smálaxa var 65.582 kg og þyngd stórlaxa 20.819 kg (3. tafla).

Urriði og bleikja stangveiði

Alls voru skráðir 37.135 urriðar (4. tafla) í stangveiði en af þeim var 12.197 (32,8%) sleppt aftur. Afli urriða var 24.936 (67,1%) fiskar og vógu þeir samtals 33.438 kg.

Mesta urriðaveiðin var á Suðurlandi en þar veiddust 19.222 urriðar en mun færri urriðar voru veiddir í öðrum landshlutum. Á Vesturlandi voru veiddir 1.959 urriðar og minnsta veiðin var á Vestfjörðum þar sem 43 urriðar veiddust.

Alls voru skráðar 27.766 bleikjur og af þeim voru 3.060 (11,0%) bleikjum sleppt aftur. Fjöldi í afla var því 25.187 bleikjur og heildarþyngd aflans var 17.780 kg (4. tafla). Eins og með urriðaveiðina þá var mest veiði í landshlutum á bleikju á Suðurlandi en þar voru veiddar 15.520 bleikjur og sleppt 639 bleikjum. Bleikjuveiðin á Norðurlandi eystra var 4.042 bleikjur og litlu færri bleikjur voru á Norðurlandi vestra eða 3.855 bleikjur. Minnst bleikjuveiði var á Reykjanesi. Flestar veiddar bleikjur í stangveiði komu úr Veiðivötnum (11.840 bleikjur) og í Hlíðarvatni (1.195 bleikjur). Tungnaá og Kaldakvísl voru samanlagt með 1.117 stangveiði veiddar bleikjur (7. tafla). Röð 10 efstu bleikjuveiðiaá má sjá í 8. töflu.

Af urriðaveiðisvæðum landsins þar sem stangveiði var stunduð veiddust flestir urriðar í Veiðivötnum, alls 9.324 urriðar, og Laxá í Þingeyjarsýslu ofan Brúa var með 3.302 veidda urriða. Í Fremri Laxá á Ásum var urriðaveiðin 2.541 fiskar. Urriðaveiðin hefur aðeins verið á uppleið síðustu þrjú ár (4. mynd).

Árið 2017 voru skráðar veiddar bleikjur 27.766 á móti 23.638 bleikjum árið 2017, þ. e. aukning um 4.128 bleikjur á milli ára.

Samsetning laxveiðinnar

Á árunum 1974 til 2017 var mesta skráða stangveiði árin 2008, 2009, 2010 og 2015 þar sem veiði fór yfir 70.000 laxa á ári. Frá árinu 1974 þá hafa tíu ár verið með færri en 30.000 laxa og var minnsta skráða veiðin var árið 1984 þar sem skráðir voru 23.582 laxar (5. tafla)

Líkt og undanfarin ár var umtalsverð veiði á laxi í ám þar sem veiði byggist á sleppingu gönguseiða og var hún alls 11.212 laxar sem er um 24,0% af heildarstangveiðinni. Þegar litið er til þróunar í veiði úr íslenskum ám breytir þessi fjöldi myndinni. Að þessari veiði frátalinni var stangveiðin sumarið 2017 alls 35.444 laxar af villtum (náttúrulegum) uppruna (5. tafla) (3. mynd). Hér er um að ræða veiði en ekki afla og getur verið að hluti af þessari skráningu séu fiskar sem hafa verið veiddir áður og sleppt.

Yfir landið allt þá var mest veiði í Ytri-Rangá og Hólsá vesturbakka alls 7.480 laxar. Næst flestir laxar veiddust í Miðfjarðará 3.765 laxar og næst á eftir kom Eystri-Rangá með 2.143. Listi yfir 10 veiðihæstu árnar er hægt að sjá í 6. töflu. Ef horft er á aflatöluna þ.e fjöldi landaðra laxa þá var Ytri-Rangá ásamt Hólsá Vesturbakka með 6.303 laxa, Eystri-Rangá var með 1.951 og Blanda og Svartá með 1.283 laxa landaða í afla.

Á árunum frá 1970 til 1980 var meðalfjöldi laxa með eins árs sjávardvöl (smálaxa) tæpir 20 þúsund laxar (6. mynd). Eftir 1980 kom lægð í veiði smálaxa sem rétti við sér eftir 1985 og meðalveiði smálaxa á árunum 1990-2005 var um 18 þúsund laxar þegar fjöldi laxa af eldisuppruna og aukningar vegna netaupptöku er frádreginn. Fjöldi laxa með tveggja ára sjávardvöl (stórlaxar) á árunum 1970 -1980 var að meðaltali 16.634 laxar (6. mynd). Um 1980 kom lægð í stórlaxaveiði eins og smálaxaveiði. Smálaxinn náði sér hins vegar aftur á strik eftir 1985. Veiði á stórlaxi hefur farið heldur vaxandi frá 2004 í fjölda talið í kjölfar vaxandi fiskgegndar. Eftir 2003 hefur hlutfall laxa með tveggja ára sjávardvöl farið hægt vaxandi þegar litið er til sama gönguseiðaárgangs. Það bendir til þess að laxi með tveggja ára sjávardvöl sé aftur farið að fjölga þegar litið er til landsins í heild (Guðni Guðbergsson 2014).

Á Reykjanesi voru veiddir 2.119 laxar. Sleppt var 843 löxum og afli var 1.276 laxar. Mesta veiði á Reykjanesi var í Elliðaám (890 laxar), Laxá í Kjós (629 laxar) og Bugða (185 laxa) (9.tafla). Mestur fjöldi veiddra laxa á Vesturlandi var í Þverá og Kjarrá (2.055 laxar), Norðurá með 1.721 laxa og Langá með 1.698 laxa (10. tafla). Á Vestfjörðum voru veiddir 889 laxar, sleppt var 160 löxum og afli var 729 laxar. Þrjár efstu veiðiárnar á Vestfjörðum voru Laugardalsá 172 laxar, Víðidalsá og Fitjá (141 laxar) og Langadalsá með 138 laxa (11.tafla). Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi vestra var í Miðfjarðará 3.765 laxar, Blanda og Svartá með 1.556 og Laxá á Ásum 1.108 laxa (12. tafla). Mestur fjöldi veiddra laxa á Norðurlandi eystra var í Laxá í Aðaldal (711 laxar), Skjálfandafliót (527 laxar) og Svalbarðsá með 333 laxa (13. tafla). Á Austurlandi voru veiddir 2.152 laxar, sleppt var 1.611 og var aflinn 541 laxar. Þrjár aflahæstu árnar á Austurlandi voru Selá í Vopnafirði með 888 laxa, Hofsa (547 laxar) og Jökulsá á Dal með 316 laxa (14. tafla). Á Suðurlandi var mest veiði í Ytri-Rangá (7.480 laxar), Eystri-Rangá (2.143 laxar) og Þjórsá með 808 laxa (15. tafla).

Sá fjöldi laxa sem sleppt er úr stangveiði hefur stöðugt farið vaxandi frá því slíkar veiðiaðferðir voru fyrst skráðar hér á landi (7. mynd). Sumarið 2017 var hlutfall þess sem var 42,2% þegar litið til allrar stangveiði en 51,4% af villtum laxi. Hlutfall smálaxa sem var sleppt var alls 32,9% en 42,3% þegar er eingöngu til þeirra sem voru af náttúrulegum uppruna (8. mynd). Á sama hátt var sleppt alls 73,2% að stórlaxi í heild en 77,3% af þeim sem höfðu megnið af framleiðslunni úr stofnum með náttúrulega framleiðslu.

Veiði sem byggist að miklum hluta á hafbeit með sleppingum gönguseiða er umtalsverð í nokkrum ám. Á Vesturlandi er það Norðlingafliót og á Suðurlandi eru það Ytri-Rangá og Hólsá. Auk þeirra eru Eystri-Rangár, Þverá Hróarslækur, Affall í Landeyjum og Skógá mikilvægar hafbeitarár, en veiðibækur bárust ekki úr þessum ám 2017. Í hafbeitaránum byggist veiðin að langmestu leyti á veiðum á laxi úr sleppingum gönguseiða sem sett eru í sleppitjarnir þaðan sem þau ganga til beitar í sjó. Þar koma eldisstöðvar í stað uppeldis seiða í ánum. Laxinn gengur síðan aftur í árnar og er nýttur með stangveiði. Með þessu móti hefur verið byggð upp veiði í nokkrum ám sem áður fóstruðu takmarkað magn af laxi. Veiði þeirra var tekin saman sérstaklega og hlutfall veitt og sleppt var reiknað bæði út frá heildarfjölda og fjölda villtra laxa.

Netaveiði lax- og silungur

Á Suðurlandi voru alls 5.832 laxar veiddir í net. Mest var veitt í net í Þjórsá (4.027 laxar), í Hvítá (1.136 laxar) og Ölfusá þar sem 558 laxar voru veiddir. Á Vesturlandi veiddust alls 142 laxar í net og voru þeir allir veiddir í Hvítá í Borgarfirði. Engin netaveiði á laxi er skráð á Reykjanesi, Vestfjörðum og Austurlandi.

Uppgefin heildar silungsveiði í net landinu öllu var 15.739 urriðar og 20.403 bleikjur (19. tafla). Af öllum landsvæðum er netaveiði mest stunduð á Suðurlandi og er netaveiði á laxi nú aðeins bundin við veiði í ám og vötnum og er mesta veiðin í stóru jökulánum á Suðurlandi. Mest var silungsveiði í net á Suðurlandi og var mesta skráða silungsveiði í net í Apavatni alls 10.448 urriðar og 9.510 bleikjur. Veiðin í Veiðivötnum var 1.840 urriðar og 7.322 bleikjur en nokkur vötn í Veiðivötnum eru friðuð fyrir netaveiði. Á Vesturlandi var netaveiði alls 619 urriðar og 29 bleikjur. Í Hvítá og Norðlingafljóti var veiðin 346 urriðar og 28 bleikjur (19. tafla). Í Borgarfirði var netaveiði í sjó og voru veiddir 260 silungar í net.

Hnúðlax og regnbogasilungur

Skráðir hnúðlaxar í veiðibækur á stangveiði voru 54 og skráðir regnbogasilungar voru 12. Flestir hnúðlaxar (9. – 15. töflur) sem veiddir voru á stöng veiddust á Austurlandi (23 hnúðlaxar) og á Norðurlandi eystra veiddust 11. Það var skráður hnúðlax í öllum landshlutum. Einnig er vitað um fleiri sem voru veiddir en ekki skráðir í veiðibækur.

Auk stangveiði veiddust í net 12 hnúðlaxar á Suðurlandi (4 í Ölfusá, 2 í Hvítá, 1 í Brúará, 5 í Sogi). Skráður er 1 hnúðlax sem vitað er um á Vesturlandi að hafi komið í net.

Einnig veiddust alls og voru skráðir 12 regnbogasilungar í veiðibækur flestir voru skráðir á Suðurlandi eða 7. Enginn regnbogasilungur var skráður á Reykjanesi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra.

Vitað var um 7 laxa af eldisuppruna sem veiddust í ám. Sex laxar veiddust í eftirliti Fiskistofu í Mjólka og einn lax kom úr stangveiði í Laugardalsá.

Umræður

Góð skráning á lax- og silungsveiði er forsenda þess að hægt sé að gera grein fyrir stöðu stofna á hverjum tíma sem aftur má nota til skynsamlegrar nýtingar til framtíðar. Því er mikilvægt að þeir sem sjá um veiði í viðkomandi ám skili inn gögnum svo hægt sé að hafa samfelld gögn á milli ára. Markmið laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er að veiðinýting á náttúrlegum fiskstofnum í fersku vatni sé sjálfbær, því eru viðmið um stofnstærðir og ástand stofna sem hægt er að lesa út frá veiðitölum gífurlega mikilvæg.

Sókn í stangveiði á Íslandi hefur verið með líku sniði um langan tíma og talið er að veiðin endurspegli nokkuð vel breytingar í laxgengd í árnar. Talningar laxa með fiskiteljurum hafa staðfest þetta og slíkt á einnig við um silungsveiði í ám þar sem ástundum veiði er í föstum skorðum (Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 2008).

Fjöldi laxa í göngu ræðst af fjölda seiða sem til sjávar gengu og endurheimtum þeirra úr sjó. Hlutfallslegur fjöldi þeirra laxa sem skila sér eftir tvö ár í sjó fór lækkandi hér á landi eftir 1980. Eftir 2000 fór að draga úr þessari fækkun og hefur hlutfall stórlaxa nú aftur aukist þegar litið er til sama gönguseiðaárgangs. Ekki er með fullu ljóst af hverju þetta stafar en mögulega stafar það af auknum sleppingum stórlaxa úr stangveiði. Líklegt er að svör fáist við þessu innan fárra ára og að þá fáist mat á hvaða þýðingu slepping stórlaxa hefur haft. Mikilvægi laxa með tveggja ára sjávardvöl (stórlaxar) er margþætt. Hún er mikilvæg fyrir fjölbreytileika laxastofna. Hlutfall hrygna er yfirleitt hærra í stórlaxi og hrognafjöldi þeirra er um tvöfalt meiri en smálaxahrygna. Stórlaxar ganga fyrr í árnar og hafa því áhrif til lengingar veiðitíma en ekki síst eru stórlaxar eftirsóttari af veiðimönnum og því verðmætari fyrir veiðinýtingu. Á síðustu árum hefur meðalþyngd stórlaxa farið vaxandi í ám en sú tilhneiging er fyrir hendi að því þyngri sem fiskar úr hvorum sjávarárgangi eru því fleiri skila sér í árnar (Guðni Guðbergsson 2014).

Samfara auknum fjölda laxa og silunga sem eru veiddir og sleppt aftur úr stangveiði eykst mikilvægi talninga fiska með teljurum til að meta stofnstærðir, veiðihlutfall, stærð og samsetningu hrygningarstofna. Öflun slíkra grunnupplýsinga ásamt þeim upplýsingum sem liggja í áratuga samfelldri veiðiskráningu, úr nýtingu á veiði sem verið hefur með svipaðri eða sömu sókn, eru gífurlega þýðingarmiklar og mikilvægar

Búist var við að sleppingar á laxi úr stangveiði hefðu áhrif á veiðitölur en hversu mikil þessi áhrif myndu verða var ekki þekkt. Eldri rannsóknir hafa sýnt að endurveiði þeirra slepptra laxa var frá 16 - 52 % (Guðni Guðbergsson 1997; Tumi Tómasson 1997). Nýrri rannsóknir sýna að það hlutfall laxa sem sleppt var merktum úr stangveiði sé um 26% að meðaltali og að það hlutfall merktra fiska sem veiðist öðru sinni sé um 4%. Þetta hlutfall helst nokkuð stöðugt milli ára og þótt það sé heldur hærra í ám á Norðausturlandi en á Suðvesturlandi (Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson 2004 og 2007).

Skráning á silungsveiði hefur batnað á síðustu árum auk þess sem ástundun silungsveiði hefur vaxið. Góð skráning á silungsveiði er forsenda þess að hægt sé að gera grein fyrir stöðu stofna á hverju ári sem má síðan nota til skynsamlegrar nýtingar til framtíðar. Aflatölur eru notaðar til að meta verðmæti veiði og því er líklegt að verðmæti silungsveiði verði sýnilegri með bættri skráningu. Enn eru mörg ónýtt tækifæri til veiða á silungi í ám og vötnum. Þrátt fyrir bættu skráningu silungsveiði er enn mikið uppá að bæta skráningu á að silungsveiði sé skráð eins vel og laxveiði og er það eitt þeirra verkefna sem þarf að vinna í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa. Nokkur félög stangveiðimanna hafa staðið fyrir átaki til bættrar skráningar silungsafla sem skilað hefur góðum árangri og silungur er einstaklingsskráður á sífellt fleiri veiðisvæðum. Heildartala á stangveiði veiddum urriða og bleikju árið 2017 var hærrí en árið áður. Urriðaveiðin hefur verið á hægri uppleið í þrjú ár í röð og bleikjuveiðin í tvö ár. Athygli vekur að aukning hefur verið í bleikjuveiði eftir niðursveiflur undanfarinna ára. Urriði hefur nú í tvö ár í röð verið á uppleið. Ekki er að fullu ljóst hvað þessu veldur en líklegt að tíðarfar hafi þar mikil áhrif. Benda verður á að ef stofnar verða litlir af einhverjum ástæðum þarf að huga að því að ekki verði veitt umfram veiðipól þeirra. Ef slíkt er gert eru líkur til að uppbygging stofna komi til með að taka mun lengri tíma en ef dregið er úr sókn í tíma.

Mikilvægt er að fá skráðan fjölda hnúðlaxa líkt og aðra veiði. Eins og komið hefur fram var veiði á hnúðlaxi hér á landi 2017 meiri en áður hefur sést. Vitað var að hrygnur höfðu hrygnt í ár hér á landi og verður forvitnilegt að vita hvort hér á landi komi upp stofnar hnúðlaxa líkt og gerst hefur í Rússlandi og Noregi. Einnig er vert að rannsaka hvort og hvaða áhrif hnúðlax kann að hafa á fiskstofna og annað lífríki í ám hér á landi.

Þeir regnbogasilungar sem skráðir voru í veiðibækur eru líklega fiskar sem sloppið hafa úr fiskeldi en ekki er vitað til að hér á landi séu stofnar regnbogasilungs utan eldisstöðva. Með vaxandi fiskeldi hér við land aukast líkur á að fiskar sleppi og gangi í ár. Þar sem sá lax sem hér er notaður í fiskeldi er af norskum uppruna, sem er fjarskyldur íslenskum laxstofnum, er talið að innblöndum þeirra sé óæskileg. Mikilvægt er að veiðimenn láti Hafrannsóknastofnun vita ef fiskar með eldiseinkenni veiðast í ám en þá má oft þekkja útliti. Oft sér á uggum, sporði og hreistri eldisfiska. Þá má greina frekar á hreistri og/eða með greiningu erfðaefnis.

Ákjósanlegt er að hafa skráðan fjölda stanga sem er nýttur á hverju tímabili þótt í ljós hafi komið að ekki séu bein tengsl á milli veiðihlutfalls og sóknar mælda í fjölda stangardaga. Þegar stöngum er fjölgað lækkar fjöldi fiska sem veiðast á hverja sóknareiningu en hlutfallslega endurspeglar veiði göngu þótt aðeins meira veiðist þegar gangan er lítil en þegar hún er stór (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson 2008).

Þeir sem annast veiðiskráningu eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma til að flýta fyrir samantekt veiðitalna. **Mikilvægt er að merkja veiðibók með heiti ár eða vatns, og skrá inn í kápu bókar hvert á að senda bók eftir skráningu.** Bent er á að hægt er að skrá og skila veiðibókum rafrænt í Skrínuna, gagnagrunn Hafrannsóknastofnunar. Einnig er hér ítrekað að ef veiðiréttarhafar tölusetja veiðistaði í veiðibókum, fæst skipting

veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu upplýsinga um veiði hvernar veiðiár. Slík skráning auðveldar við að fylgjast með breytingum á veiðidreifingu innan vatnakerfa sem aftur auðveldar vinnu við endurmat á arðskrám.

Þakkarorð

Sigurður Óskar Helgason las yfir og kom með góðar og gagnlegar ábendingar. Eydís Njarðardóttir aðstoðaði við ýmsa þætti við samantekt. Sigurður Már Einarsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir söfnuðu netaveiðiskýrslum á Vesturlandi. Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson söfnuðu netaveiðitölum á Suðurlandi. Skráning veiði, beint í rafrænan gagnagrunn, var gerð af nokkrum veiðifélögum. Ofantöldum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir. Einnig ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar í veiðibækur.

Heimildir

Guðni Guðbergsson. (2016). *Lax- og silungsveiðin 2015*. Veiðimálastofnun, VMST/116026, 38 bls.

Guðni Guðbergsson. (2015). *Lax- og silungsveiðin 2014*. Veiðimálastofnun, VMST/15022, 37 bls.

Guðni Guðbergsson. (2014). *Lax- og silungsveiðin 2013*. Veiðimálastofnun, VMST/14044, 37 bls.

Guðni Guðbergsson. (1997). *Lax- og silungsveiðin 1996*. Veiðimálastofnun, VMST/116026, 21 bls.

Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson. (2004). *Hlutfall merktra laxa sem sleppt er og veiddust oftar en einu sinni í íslenskum ám sumarið 2003*. Veiðimálastofnun, VMST-R/0410, 9 bls.

Guðni Guðbergsson og Sigurður Már Einarsson. (2007). Áhrif veiða og sleppa á laxastofna og veiðitölur. *Fræðaðing landbúnaðarins* 2007 (4): 196-204.

Ingi Rúnar Jónsson, Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson. (2008). *Relation between stock size and catch data of Atlantic salmon (Salmo salar) and Arctic charr (Salvelinus alpinus)*. *Icel Agric. Sci.* 21: 61-68.

Sigurður M. Einarsson og Guðni Guðbergsson. (2001). *Áhrif netaupptöku á stangveiði í Hvítá í Borgarfirði og þverám hennar*. Veiðimálastofnun, VMST-V/01010, 10 bls.

Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson. (2003). The effects of the net fishery closure on angling catch in the River Hvítá. Iceland. *Fisheries Management and Ecology*. 10:73-78.

Tumi Tómasson. (1997). *Vatnsdalsá 1996*. Veiðimálastofnun, VMST-N/97001, 16 bls.

Töflur

Tafla 1. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í stangveiði á Íslandi sumarið 2017, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 1. Atlantic salmon catch, rod and line in Iceland rivers 2017.

Landshluti	Stangveiði á laxi											
	Veði laxa	Fjöldi sleppt	Sleppt smálax	Sleppt stórlax	Afli: fjöldi	Afli: þyngd	Afli smálax	MÞ smálax	Þyngd smálax	Afli stórlax	MÞ stórlax	Þyngd stórlax
Reykjanes	2119	843	717	126	1276	3047	1237	2,3	2866	39	4,6	181
Vesturland	15466	5841	3957	1905	9625	23241	9004	2,3	20574	621	4,3	2667
Vestfirðir	889	160	76	84	729	1970	623	2,3	1459	106	4,8	511
Norðurland vestra	9568	6796	4060	2736	2772	8681	2158	2,5	5375	614	5,4	3306
Norðurland eystra	2833	1949	983	966	884	2570	704	2,3	1631	180	5,2	939
Austurland	2152	1611	933	678	541	1363	466	2,1	974	75	5,2	389
Suðurland	13629	2467	1093	1374	11162	28643	9918	2,3	22470	1244	5,0	6173
Samtals:	46656	19667	11819	7869	26989	69515	24110	2,3	55349	2879	4,9	14166

Tafla 2. Fjöldi og þyngd (kg) laxa í netaveiði og hafbeit á Íslandi sumarið 2017 skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 2. Salmon catch, net in Icelandic rivers 2017.

Landshluti	Netaveiði						Hafbeit	
	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd	Fjöldi	Þyngd
	laxa	lax	smálax	smálax	stórlax	stórlax	laxa	laxa
Reykjanes	0	0	0	0	0	0	0	0
Vesturland	142	366	142	366	0	0	0	0
Vestfirðir	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurland vestra	39	87	36	72	3	15	0	0
Norðurland eystra	21	66	15	35	6	31	0	0
Austurland	0	0	0	0	0	0	0	0
Suðurland	5832	16367	4624	9760	1208	6607	0	0
Samtals:	6034	16886	4817	10233	1217	6653	0	0

Tafla 3. Heildarafli og þyngd (kg) laxa í stangveiði, netaveiði og hafbeit á Íslandi 2017, skipt eftir landshlutum og sjávaraldri.

Table 3. Total salmon catch in Icelandic rivers 2017, rod, gillnets and ranched.

Landshluti	Samtals afli						Hlutfall af heild	
	Fjöldi laxa	Þyngd laxa	Fjöldi smálax	Þyngd smálax	Fjöldi stórlax	Þyngd stórlax	Fjöldi %	Þyngd %
Reykjanes	1276	3047	1237	2866	39	181	3,9	3,5
Vesturland	9767	23607	9146	20940	621	2667	29,6	27,3
Vestfirðir	729	1970	623	1459	106	511	2,2	2,3
Norðurland vestra	2811	8768	2194	5447	617	3321	8,5	10,1
Norðurland eystra	905	2636	719	1666	186	970	2,7	3,1
Austurland	541	1363	466	974	75	389	1,6	1,6
Suðurland	16994	45010	14542	32230	2452	12780	51,5	52,1
Samtals:	33023	86401	28927	65582	4096	20819	100	100

Tafla 4. Fjöldi og þyngd (kg) veiddra urriða (sjóbirtinga) og bleikju (sjóbleikju), í stangveiði á Íslandi sumarið 2017, skipt eftir landshlutum.

Table 4. Catch of brown trout and Arctic charr in rod and line fishery in Icelandic rivers and lakes in 2017.

Landshluti	Stangveiði Urriði (staðbundinn og sjóbirtingur)				Stangveiði Bleikja (staðbundinn og sjóbleikja)			
	Fjöldi veiddra	Fjöldi sleppt	Fjöldi í afla	Afli: þyngd (kg)	Fjöldi veiddra	Fjöldi sleppt	Fjöldi í afla	Afli: þyngd (kg)
Reykjanes	143	72	71	122	7	0	7	7
Vesturland	1959	185	1774	1992	759	70	689	603
Vestfirðir	43	2	41	39	1225	112	1113	1000
Norðurland vestra	6297	1802	4495	4677	3855	481	3855	3628
Norðurland eystra	8525	5985	2540	3737	4042	1286	2756	3609
Austurland	946	437	509	437	2358	472	1886	1653
Suðurland	19222	3714	15506	22434	15520	639	14881	7280
Samtals:	37135	12197	24936	33438	27766	3060	25187	17780

Tafla 5. Heildarfjöldi stang- og netveiddra laxa 1974-2017 skipt í veiði, afla og fjölda slepptra fiska. Gerð er grein fyrir fjölda laxa veiddra í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða.

